

Reglur Þingeyjarsveitar um skólaakstur í grunnskóla

1.gr. Gildissvið og orðskýringar

Reglur þessar eru settar með vísan til 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um skólaakstur í grunnskóla nr.656/2009. Þær taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og grunnskóla. Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla innan skólahverfis. Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili nemanda eða annar staður þar sem nemandi hefur fasta búsetu. Skólahverfi Stórutjarnaskóla er vestan Fljótsheiðar og nær að Ljósvetningabúð í Kinn. Skólahverfi Þingeyjarskóla er austan Fljótsheiðar og suður að Ljósvetningabúð. Skólahverfi Reykjahlíðarskóla er Mývatnssveit.

2.gr. Ábyrgð

Þingeyjarsveit ber kostnað og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum grunnskólanemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi. Þegar um er að ræða tímabundna vistun fósturbarns, ber lögheimilissveitarfélag kostnað af skólaakstri.

3.gr. Akstursáætlun

Skólaakstur skal skipulagður í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum, svo sem fjarlægðar milli heimilis og skóla. Daglegum skólaakstri ber að haga með þeim hætti að nemendum sé ekið heim sem fyrst eftir að skóladegi lýkur. Miða skal við að daglegur heildartími skólaaksturs, að meðtöldum biðtíma, sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur.

Skólastjórar í samráði við fræðslunefnd Þingeyjarsveitar skulu fyrir upphaf hvers skólaárs birta áætlun um skólaakstur. Áætlunina skal kynna skólaráðum grunnskólanna sbr. 8. gr. laga nr. 91/2008. Einnig skal kynna hana foreldrum/forráðamönnum nemenda eða vera þeim aðgengileg á heimasíðu skólanna.

Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/ fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur. Skal endurskoðuð akstursáætlun þá lögð fyrir fræðslunefnd áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Skólaakstur er fyrir grunnskólanemendur. Einnig geta starfmenn skóla fengið far með skólabíl í stöku tilfellum ef pláss leyfir. Bílstjóra er þó heimilt að taka leikskólanemendur með ef pláss leyfir og leikskóladeildin er í skólahúsnæðinu.

Um akstur leikskólabarna gildir jafnframt:

- Leikskólabörn sem þessar reglur gilda um skulu tilheyra tveimur elstu árgöngum leikskólans. Að öðru leyti gildir aldursröð barnanna, þau eldri hafa forgang fram yfir þau yngri miðað við sætaframboð.
- Foreldrar leikskólabarna skulu óska eftir þjónustunni á heimasíðu Þingeyjarsveitar fyrir 8. ágúst ár hvert. Skólastjóri leikskóla tilkynnir foreldrum um hvort hægt sé að verða við umsókn í síðasta lagi 18. ágúst.
- Foreldrar leikskólabarna skulu koma börnum sínum að akstursleið skólabifreiðar. Hafa skal samráð við bílstjóra um stoppistöð.
- Leikskólabörn skulu sitja í viðurkenndum bístólum sem foreldrar útvega og bera kostnað af.

- Foreldrar skulu sjálfir koma með barnið sitt (börnin sín) í leikskólann í upphafi hverrar viku til að koma með viðeigandi fatnað til vikunnar og ná í það í vikulok og tæma hólf barnsins.
- Skólabílstjórar fylgja leikskólabörnum inn í leikskólann að morgni og láti starfsfólk vita að barn sé komið til skóla, jafnan eftir skil grunnskólabarna. Þegar börnin eru sótt síðdegis skal bílstjóri láta starfsfólk vita að barn sé farið frá skólanum.

4.gr. Samningar um skólaakstur

Tilhögun skólaaksturs er þannig að gerðir eru samningar við verktaka um ákveðnar sérleiðir innan skólahverfis sem eru tilgreindar í fylgiskjali með þessum samningi. Sveitarstjórn ákveður hvort leiðir eru boðnar út eða tilboða sé leitað.

Þar sem aðstæður krefjast þess vegna fjarlægðar einstakra býla frá skilgreindum akstursleiðum skólabifreiða innan skólahverfis er heimilt að semja við forráðamenn um þátttöku í skólaakstri gegn þóknun sem tekur mið af akstursgjaldi ríkisstarfsmanna eins og það er ákveðið hverju sinni. Heimilt er að endurskoða samninga við forráðamenn í upphafi hverrar annar ef aðstæður breytast. Samningar við forráðamenn skulu vera uppsegjanlegir.

Skólastjóri í samráði við sveitarstjóra semur sérstaklega um aukaakstur, s.s. vegna félagsstarfs og vettvangsferða. Það gildir einnig um akstur með leikskólabörn á vegum skóla.

5.gr. Öryggi og búnaður skólabifreiða

Bifreið sem notuð er í skólaakstri skal uppfylla skilyrði til fólksflutninga samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis – og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma. Í bifreiðum sem notaðar eru í skólaakstri skal vera fjarskiptabúnaður. Nafn, símanúmer og akstursleið hvers bílstjóra skal birta á heimasíðu skólanna.

Bifreiðastjóri, í samráði við skólastjóra, leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirliggjandi áætlun um daglegan skólaakstur. Tilkynna ber um slíkar breytingar án tafar til skólans og koma þeim upplýsingum til foreldra barna er breytingin varðar. Viðbragðsáætlun skal vera fyrir hendi ef óhapp eða slys verður í skólabifreið.

Skólastjóri í samráði við fræðslu- og velferðarnefnd Þingeyjarsveitar metur hvort þörf sé á gæslumanni í skólabifreið með hliðsjón af öryggi, fjölda, aldri nemenda og samsetningu nemendahópsins sem ferðast með bifreiðinni, vegalengd og öðrum aðstæðum.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasytkin, sbr. 14. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008. Að öðru leyti eiga skólareglur, skv. 30. gr. nr. 91/2008 um grunnskóla, við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. sömu laga.

Bifreiðastjóri ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt inn í eða út úr skólabifreið.

6.gr. Bifreiðastjóri skólabifreiða

Bifreiðastjóri skólabifreiða samkvæmt 6. gr. reglugerðar um skólaakstur nr. 656/2009, með síðari breytingum, skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Verktaka er skylt að tryggja að viðeigandi gögn séu lögð fram framangreindu til staðfestingar.

Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til skólaaksturs eða gæslumann í bifreiðina sem hlotið hefur refsiddóm fyrir brot á ákvæðum XXII. eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga. Við undirritun samnings við verktaka skal liggja fyrir sakavottorð þess bílstjóra sem ráðinn er til að aka bifreiðinni, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008. Bifreiðastjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er.

Komi upp vandamál í skólabíl, svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra. Ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks skóla og tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda taka til bifreiðastjóra skólabifreiðar þó hann sé ekki starfsmaður sveitarfélagsins.

7.gr. Nemendur með fötlun

Nemendur sem sökum fötlunar geta ekki nýtt sér hefðbundinn skólaakstur eiga rétt á ferðaþjónustu til og frá skóla, skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, þeim að kostnaðarlausu.

8.gr. Um meðferð ágreiningsmála

Telji forráðamaður nemanda einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur hann leitað leiðréttingar hjá hlutaðeigandi skólastjóra og/eða sveitarstjóra. Fáist ekki viðunandi lausn ber að vísa málinu til fræðslu- og velferðarnefndar Þingeyjarsveitar.

9.gr. Samningsgerð

Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar ber ábyrgð á samningagerð samkvæmt þessum reglum og ber að vísa samningum til staðfestingar í sveitarstjórn.

10.gr. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar og skulu þær vera aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt á 11. fundi fræðslu- og velferðarnefndar Þingeyjarsveitar þann 14. júní 2023.

Staðfest á 28. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 22. júní 2023.